

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 818/2013

2014/EES/23/14

frá 28. ágúst 2013

**um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á súkrósaesterum af fitusýrum (E 473) í bragðefni fyrir tæra, bragðbætta drykki sem eru að stofni til úr vatni (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum<sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í í matvælabragðefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum<sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á súkrósaesterum af fitusýrum (E 473) sem ýruefni í bragðefni var lögð fram 20. ágúst 2008 og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 5) Ýruefni eru nauðsynleg til að stöðga oliukennd bragðefni þegar þeim er bætt í drykkjarvörur sem eru að stofni til úr vatni. Ef ýruefni er ekki bætt við verður bragðgefandi olían ekki uppleysanleg og birtist á yfirborði drykkjarvörunnar eins og oliukenndur hringur. Þetta kemur í veg fyrir jafna dreifingu bragðefnisins um drykkjarvöruna og eykur snertingu þess við súrefni sem veldur því að skynmatseiginleikarnir verða rýrari. Það veldur því einnig að afar erfitt er að þróa tærar drykkjarvörur. Þessi atriði er hægt að yfirlýsa að nokkru leyti með notkun á þvegnum olíum en þær hafa þó skerta skynmatseiginleika.

Notkun á súkrósaesterum af fitusýrum gerir það kleift að framleiða tærar drykkjarvörur með bættri virkni að því er varðar viðbætta bragðefnið.

- 6) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 7) Matvælaöryggisstofnun Evrópu skilaði áliti varðandi súkrósaestera af fitusýrum (E 473) og fastsetti ásættanlega, daglega inntöku við 40 mg/kg líkamsþyngdar á dag<sup>(3)</sup>. Áverkun súkrósaestera af fitusýrum, sem stafa af tillagðri viðbótarnotkun í tæra, bragðbætta gosdrykki, er minni en 0,1% af ásættanlegri, daglegri inntöku<sup>(4)</sup>. Með tilliti til þess að áverkun vegna viðbótarnotkunar á þessu aukefni er óveruleg miðað við ásættanlega, daglega inntöku, er ekki líklegt að þessi viðbótarnotkun á súkrósaesterum af fitusýrum (E 473) hafi áhrif á heilbrigði manna.
- 8) Því er rétt að leyfa notkun á súkrósaesterum af fitusýrum (E 473) sem matvælaaukefni í bragðefni fyrir tæra, bragðbætta drykki sem eru að stofni til úr vatni.
- 9) Því ber að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 230, 29.8.2013, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2004) 106, 1–24.

<sup>(4)</sup> Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012: 10(5), 2658.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.  
Gjört í Brussel 28. ágúst 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

VIDAUKI

Í 4. hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 459:

„E 473	Súkrósaesterar af fitusýrum	Bragðefni fyrir tæra, bragðbætta drykki, sem eru að stofni til úr vatni, sem tilheyra flokki 14.1.4	15 000 mg/kg í bragðefni, 30 mg/l í endanlegum matvælum“
--------	-----------------------------	---	--